

Fréttatilkynning – Skyldubundin innköllun á pastaskeið úr plasti

GastroMax by Orthex vekur athygli á skyldubundinni innköllun á pastaskeið úr plasti sem flutt hefur verið inn til landsins af Ásbjörn Ólafsson ehf. Innköllunin er gerð í samræmi við tilkynningu frá Matvælastofnun í gegnum RASFF hraðviðvörðunarkerfi Evrópusambandsins.

Ástæða innköllunar:

Við prófanir kom í ljós að flæði svokallaðra PAA (Primary Aromatic Amines) úr plastinu fer yfir mörk sem sett eru í reglugerð Evrópusambandsins nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Varan telst því óörugg til notkunar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru:

- **Vöruheiti:** Pasta ladle
- **Vörumerki:** GastroMax by Orthex
- **Strikamerki:** 7332462071810
- **Vörunúmer:** Art. no. 6918-1

Dreifingaraðilar:

Endursöluaðilar GastroMax Pasta skeiðar (Art. no. 6918-1) sem keyptu vöruna í gegnum Ásbjörn Ólafsson ehf. eru:

- Hagkaup
- Fjarðarkaup
- Kaupfélag Skagfirðinga
- Skipavík
- Kaupún
- Bjarnabúð
- Verslunin Kassinn

Hvað á að gera?

- Neytendur sem eiga þessa vöru eru beðnir um að hætta notkun hennar strax og skila henni til söluaðila.
- Sala á vörunni skal stöðvuð þegar í stað.

Aðgreining framleiðslulotu:

Vandamálið tengist framleiðslulotu sem framleidd var í **desember 2024**. Hægt er að bera kennsl á þessa lotu með klukkutáknum sem eru staðsett á bakhlið handfangsins:

- **Neðri klukkan** sýnir framleiðslumánuð og á að vísa á „12“ (desember).
- **Efri klukkan** sýnir árið og á að vísa á „24“ (2024).

Frekari upplýsingar:

Ef einhverjar spurningar vakna eða fyrir nánari upplýsingar þá vinsamlegast hafið samband við sala@asbjorn.is.

